

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 90/2007

frá 6. júlí 2007

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2007 frá 8. júní 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu ⁽²⁾ var felld inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2004 ⁽³⁾ frá 9. desember 2004, með sértækum aðlögunarákvæðum.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 334/2007 frá 28. mars 2007 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu ⁽⁴⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 335/2007 frá 28. mars 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1702/2003 að því er varðar framkvæmdarreglur um umhverfissvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar ⁽⁵⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 375/2007 frá 30. mars 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1702/2003 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfissvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja ⁽⁶⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 376/2007 frá 30. mars 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2042/2003 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði ⁽⁷⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 266, 11.10.2007, bls. 14, og EES-viðbætur nr. 48, 11.10.2007, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 240, 7.9.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 133, 26.5.2005, bls. 37, og EES-viðbætur nr. 26, 26.5.2005, bls. 27.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 88, 29.3.2007, bls. 39.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 88, 29.3.2007, bls. 40.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 94, 4.4.2007, bls. 3.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 94, 4.4.2007, bls. 18.

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66n (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002):
„– **32007 R 0334**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 334/2007 frá 28. mars 2007 (Stjtíð. ESB L 88, 29.3.2007, bls. 39).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66p (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003):
„– **32007 R 0335**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 335/2007 frá 28. mars 2007 (Stjtíð. ESB L 88, 29.3.2007, bls. 40),
– **32007 R 0375**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 375/2007 frá 30. mars 2007 (Stjtíð. ESB L 94, 4.4.2007, bls. 3).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66q (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003):
„– **32007 R 0376**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 376/2007 frá 30. mars 2007 (Stjtíð. ESB L 94, 4.4.2007, bls. 18).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 334/2007, 335/2007, 375/2007 og 376/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. júlí 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.